

8. Stjórnarfundur hjá UMSB haldinn á Hvanneyri 10. sept. 2018
Mættir: Guðrún, Anna Dís, Sigríður, María Júlía, Kristín og Sigurður framkvæmdastj.

1.- 2. María júlía setur fundinn og fundargerðir 6. og 7. samþykktar og undirritaðar.

3. Kynningardagur UMSB 30. ágúst.

Sagt var frá kynningardegi sem haldinn var 30. ágúst. Ánægjulegt var að sjá hversu margir mættu og kynntu sér það fjölbreytta starf sem er í boði innan UMSB.

4. Fundir sem verið hafa.

*Fundað var um leigu Borgarbrautar 61. Samningur tekinn upp við leigutaka.

*Starfsmannamál rædd. Ráðleggingar fengnar hjá stéttafélaginu.

* Samningur sem er milli UMSB og KPMG ræddur.

Samningurinn verður tekinn upp og unnið að nýjum

5. Námskeið í haust.

* Verndum þau námskeið. Helst í nóvember.

*. Námskeið fyrir gjaldkera.

Viljum fá gjaldkerana á formannafundinn og fá einhvern frá KPMG til að fara stuttlega yfir helstu atriði sem að gjaldkerum snúa svo bókhaldið verði í lagi.

*. Innleiðing Sýnum karakter. Framkvæmdastj vill sækja um styrk til UMFÍ til að koma þessari hugmyndafræði inn í félögin.

Framkvstj. falið að sækja um styrki hvar sem þeir eru í boði.

*. Nóranámskeið fæst ekki í fyrirsjáanlegum tíma en við reynum áfam.

6. Kostnaður félaga vegna æfinga og keppni árið 2017.

Fyrirspurn hefur farið til félaga UMSB um hversu mikið akstur kostar vegna keppnisferðalaga og æfinga, þetta er gert vegna eftirfarandi erindis til BB um litla rútu.

"Mikil ferðalög eru hjá aðildarfélögum UMSB á hverju ári í kringum mót, æfingar og ferðir hverskonar. Ferðunum fylgir umtalsverður kostnaður sem leggst á félögin og er kostnaðurinn stór liður í útgjöldum félaganna á hverju ári. Stjórn UMSB óskar eftir því að Borgarbyggð kanni þann möguleika í samstarfi við UMSB að styrkja íþrótt- og tómstundastarf í sveitarfélaginu með þeim hætti að festa kaup á smárútu. Smárútan yrði notuð til að auðvelda ferðalög íþróttaiðkenda. Einnig mætti nota hann í tómstundaakstur á veturna svo að börn úr Borgarnesi geti einnig sótt æfingar í uppsveitum Borgarbyggðar og öfugt. Fyrirkomulagið gæti verið þannig að UMSB haldi utan um rekstur og leigu á rúttunni til félaga gegn vægu gjaldi. Það er trú stjórnar UMSB að með þessum hætti verði félögunum gert kleift að nýta meira af þeim fjármunum sem þau hafa yfir að ráða beint í íþrótt- og tómstundastarfið svo börnin njóti góðs af. "

7. Samþykktar tillögur frá Sambandsþingi UMSB í vor

Farið var yfir tillögur sem samþykktar voru á sambandsþingi UMSB.

Eftir er að vinna í nokkrum en unnið er að öðrum og aðrar búnar.

*Fjölnota hús. Nefnd er að störfum og hefur farið í heimsókn í Hveragerði og í Hafnarfjörð, sem heldur áfram að meta hvernig hús væri hentugast að byggja í Borgarbyggð.

*Útihreyfitæki gaman væri að sjá t.d. útiblakvöll við grunnskóla Borgarbyggðar. (Hvar er hann ?)

*Samkvæmt könnun MB þá er brottfall barna og ungmenna ekki mikið í Borgarbyggð. Framkvæmdarstjóri hefur hug á að skoða þetta betur.

* 50 + nálgast og við höfum ekki enn tilnefnt hver verður okkar fulltrúi - við getum auglýst eftir áhugasömum til starfans,

* Hvernig aukum við Lottótekjurnar - með því að afla styrkja en þá erum við farin að stíga á tærnar á íþróttafélögunum.

8. Tilnefning faghóp vegna agabrota, eineltis, kynferðisbrota og fl.

Borgarbyggð hefur tilnefnt Telmu Eyfjörð sem sinn fulltrúa. Verið er að manna nefndina og verður hún klár á næsta fundi.

9. Formannafundur.

Hann var ákveðinn 5. Október en staður ófundinn.

Á formannafundi þarf að skipa uppstillinganefnd.

Gjaldkeranámskeið þarf að vera þar inni.

Kynning á starfi félaganna.

10. Land Kárastaða.

Í undirbúningi vegna ULM sem var haldi í Borngarnesi 2016 var gert samkomulag við Skátana og Skógræktarfélagið um gróðursetningu og snyrtingu Kárastaðatúnanna svo þau væru boðlegt tjaldstæði bæði fyrir UMSB og önnur félög sem halda viðburði í nágrenninu. Þetta var 2014.

Nú viljum við taka upp þráðinn þar sem frá var horfið 2014 og ræða við umrædd félög og Borgarbyggð um hvort áhugi sé fyrir þessu.

11. Önnur mál.

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður á Ísafirði 20. okt .

Stína og Siggí tilbúin að fara.

Björk Ingimundardóttir frjálsíþróttakona frá Hæli í Flókadal hefur fært UMSB að gjöf 4 litla bikara sem hún vann til eignar á Vesturlandsmótum 1971 og '?

Við viljum færa henni hjartans þakklæti fyrir þessa gjöf og óskum eftir að

Framkvæmdastjóri sendi henni bréf þar um.

Æskilegt að fá frá henni söguna um bakgrunn þessara bikara á blaði.

Rætt hvort UMSB eigi ekki að fá skáp í íþróttahúsi fyrir verðlauna safn sitt,

Það var samþykkt og Framkvæmdastjóra falið að fylgja því eftir við yfirmann íþróttamannvirkja.

Samkvæmt plani á næsti stjórnarfundur að vera 6. nóv á Kleppjárnsreykjum.